



LANDVERND
1969 | 2019 | 50
ÁR

Ársskýrsla 2018–2019


Efnisyfirlit

Ávarp formanns - Ár vitundarvakningar	3
Paradísín Jörð	4
FEE	6
Skólar á grænni grein - Grænfáninn	6
Námsefni um matarsóun	7
Gæðaár hjá Græðum Ísland / Care-Rewilding Iceland.....	8
Erasmus+ verkefni: Þróun námsefnis um loftslagsmál og lífbreytileika	8
Vistheimt með skólum	9
Loftslagsverkefnið Öndum léttar	9
Samstarf við Klappir- Grænar lausnir hf.	9
Hreinsum Ísland	10
Bláfáninn fer frá Landvernd	10
Virkjum og virkjum... grasrótina!	11
Vegið að þátttökurétti almennings.....	12
Friðlýsingar: Ekki gera ekki neitt.....	13
Starfsfólk Landverndar 2018-2019	14
Stjórn Landverndar 2018-2019	15
Enn stækkum við.....	15
Við vekjum athygli.....	15
Græn pólitík.....	16
Landvernd þekktustu umhverfisverndarsamtök á Íslandi	18
Ályktanir Landverndar 2018-2019	19
Útgáfa	20
Loftslagsbreytingar, hamfarir og flóttafólk	21
Landvernd til heilla í 50 ár	22
Efnahagsreikningur 2018-2019	23
Teigskógur og ströndin við Þorskafjörð	24
Nokkrir valdir viðburðir	26
Stiklur úr starfi Landverndar	27
Viðburðir afmælisárs	27
Viðburðadagatal afmælisárs	28



LANDVERND

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 44 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 5.500 skráðir félagar. Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 30. apríl 2019.

Ljósmynd á forsíðu: Fjölbreytt landslag og gróður við strönd Þorskafjarðar. Myndasmiður: Ása L. Aradóttir.
Umbrot og teikningar: Dagný Reykjalín | Blek hönnunarstofa - www.blekhonnun.is
Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja. Prentun ársskýrslu Landverndar er Svansvottuð. 

Ávarp formanns - Ár vitundarvakningar

Þá er enn eitt starfsárið liðið. Árið 2018-2019 var ár breytinga og umbóta innan Landverndar og tímamótaár í sögu samtakanna. Ný forysta tók við eftir mikinn öldugang árið á undan. Nýr formaður tók við af starfandi stjórnarformanni, Lovísu Ásbjörnsdóttur og nýr framkvæmdastjóri, Auður Önnu Magnúsdóttir, tók við af starfandi framkvæmdastjóra, Salóme Hallfreðsdóttur eftir að fráfarandi framkvæmdastjóri tók við stöðu ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Þá flutti skrifstofa samtakanna sig um set og hefur nú hreiðrað um sig í Guðrúnartúni 8 eftir farsæla dvöl í Þórunnartúni.

Umhverfismálum, náttúruvernd og ábyrgri stjórnun auðlinda vex ásmegin og hafa sennilega aldrei, í 50 ára sögu samtakanna, verið jafn umfangsmikil. Skiptir þá ekki máli hvar borið er niður þar sem þessi málefni snerta alla einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og stjórnmöld, það er enginn undanskilinn.

Í hálfra öld hefur Landvernd staðið vörð um íslenska náttúru og verið virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku er varðar landnotkun, auðlindir og umhverfi. Því má segja að þörfin fyrir faglega og uppbyggilega umræðu og fræðslu um málefni umhverfisins hafi aldrei verið eins mikil og einmitt í dag. Hlutverk Landverndar er því mikilvægt og mun vaxa á komandi árum.

Með aukinni meðvitund og vitundarvakningu er mikilvægt að hafa skipulagið og forgangsroðina rétta til að tryggja fagmennsku og áframhaldandi árangur. Stjórn Landverndar lagði því mikla áherslu á að endurskipuleggja starfsemina og kortleggja áherslur svo samtökin séu í stakk búin að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem þau standa frammi fyrir.

Strax í upphafi starfsársins hittust stjórn og starfsmenn og fóru saman yfir stöðuna á vinnufundi, þar sem skoðað var hvað mætti betur fara og hvernig hægt væri að efla aðgerðir sem mest í þágu heildarinnar. Fjármál, ferlar og skipulag var eftt og var það einróma vilji starfs- og stjórnarmanna að eiga stefnumótandi fund með félagsmönnum og fá frá þeim skýrt umboð til frekari eflingar starfseminnar.

Á nýliðnu starfsári var í mörg horn að líta en mikilvægast af öllu var að halda umræðunni, fræðslunni og áhrifamætti samtakanna á lofti. Stjórnendur fóru nýjar leiðir þar sem fræðsla var höfð að leiðarljósi og upplýsingar um helstu þætti hvers viðfangsefnis fyrir sig var sett fram á margmiðlunarformi. Með því tókst Landvernd að ná til fleiri, auka skilning og síðast en ekki síst vekja fólk til umhugsunar.

Landvernd hefur unnið að fjölmörgum verkefnum og aðgerðum þar sem lagt hefur verið mat á aðgerðir, tillögur, reglugerðir og þingmál þar sem heildarhagsmunir eru hafðir að leiðarljósi. Landvernd lætur sig lagasetningar og stjórnvaldsaðgerðir varða eins og framkvæmda- og skipulagsáætlanir, hvetur til friðunar ósnortinna

svæða og fræðir nemendur þessa lands um mikilvægi umhverfismála og náttúruverndar með hinu öflugra verkefni Skólar á grænni grein (Grænfánaverkefnið). Skólar á grænni grein er eitt mikilvægasta verkefni sem Landvernd sinnir, að öðrum ólöstuðum, og gerir það af kostgæfni. Vel menntaðir sérfræðingar stýra því með markvissum og faglegum hætti og leiða ungu kynslóðina inn í framtíðina þar sem þau læra að umgangast náttúruna af virðingu.



Loftslagsváin sem mannkynið stendur frammi fyrir í dag er afleiðing vanrækslu gagnvart náttúrunni og taumlausrar neyslu sem á sér engin takmörk. Landvernd lætur sig málið varða og hefur undanfarin ár unnið verkefni þessu tengt með nokkrum sveitarfélögum. Landvernd hefur einnig staðið fyrir umfangsmiklu hreinsunarverkefni – Hreinsum Ísland – sem unnið er í samvinnu við Bláa herinn og hlaut það tilnefningu til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs haustið 2018.

Árið 2019 er afmælisár Landverndar og fagna samtökin 50 ára starfsafmæli. Af því tilefni hafa samtökin staðið fyrir ýmsum uppkomum með fræðslu og fróðleik sem snertir umhverfis- og náttúruvernd með einum eða öðrum hætti. Viðtökur hafa verið mjög góðar og vonandi mun svo verða áfram út árið. Stefnt er að því að halda afmælisráðstefnu þann 25. október þegar afmælisdaginn ber upp.

Þekkingarauður Landverndar er mikill en án öflugra og vel menntaðra starfsmanna, sem búa yfir sérhæfðri menntun í umhverfisfræðum og miðlun þekkingar, væri það þrekaun að halda starfseminni jafn öflugri og raun ber vitni. Auðlindin okkar er fólkíð og því mikilvægt hlúa vel að því og skapa aðlaðandi aðstæður og verkefni.

Ég vil þakka starfsmönnum og samferðamönnum mínum í stjórn Landverndar starfsárið 2018-2019 fyrir gott og árangursríkt samstarf á tímabilinu. Þá vil ég fyrir hönd samtakanna þakka fráfarandi stjórnarmönnum Snorra Baldurssyni, Guðmundi V. Björnssyni, Helgu Ögmundardóttur og Hugrúnu Geirsdóttur fyrir óeigingjarnt og atorkumikið starf í þágu Landverndar og náttúruverndar. Síðast en ekki síst þakka ég félagsmönnum, velunnurum, styrktaraðilum og samstarfsaðilum ómetanlegan stuðning við samtökin.

Um leið og ég vil óska landsmönnum öllum til hamingju með 50 ára afmæli Landverndar, vil ég að við hvetjum alla, þig og mig, til að vinna saman að bættri umhverfis- og náttúruverndarmenningu í landinu. Þannig getum við stolt verið meðal fremstu þjóða sem munu ná Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þannig takast að gera heiminn að betri stað fyrir komandi kynslóðir. Heimsmarkmiðin fá einmitt sérstakt vægi í þessari ársskýrslu en við umfjöllun um verkefni Landverndar er vísað til viðeigandi Heimsmarkmiða sem þau tengjast.

Stöndum saman, tökum djarfar ákvarðanir og verum öðrum til fyrirmyndar.

Rósbjörg Jónsdóttir
formaður Landverndar 2018 - 2019



Sævar Helgi Bragason

Paradísinn Jörð

Ég man þegar sjokkið kom – vendipunkturinn. Það var þegar ég stóð í ruslareininni í Álfsnesi, dvergvoxinn við rætur ruslafjalls sem gnæfði yfir allt í kring. Þetta voru leifarnar af (of)neyslunni okkar. Pakkningar, málmar, gler, plast og ál sem við rústuðum landi til að framleiða, notuðum einu sinni og hentum. Kannski af því að við erum flest frekar löt. Kannski af því að við vitum bara ekki betur. Óþefurinn af rotnandi lífrænum leifum var yfirþyrmandi. Þvílík sóun.

Eftir þetta snarhætti ég allri óþarfri neyslu. Afbakkaði umbúðir, tók mig á í matarsóun og hóf að nota vistvænni samgöngumáta í meira mæli en áður. „Vá, fórnaðirðu öllu þessu?“ spyrja margir. Þetta er engin fórn. Lífið varð miklu betra: Meiri frítími, meiri peningar, meiri hreyfing, betri svefn. Stundum þarf maður að sjá afleiðingar gjörða sinna til að breyta sjálfum sér.

Allt hófst þetta fyrir rúmu ári. Þá varð mér á að gagnrýna óhóflega sprengjuleði Íslendinga um hver áramót. „Skjóttu þig, fáviti! og drullaðu þér eitthvert annað!“ sögðu viskustykkinn í athugasemdakerfunum. Gott og vel. En umræðan hafði áhrif og breytt lífi mínu. Eftir að hafa varið síðustu árum í að miðla stjarnvísindum sór ég þess eið að tala meira um umhverfismál, mikilvægasta málefni okkar tíma.

Fáeinum mánuðum síðar bauð Sagafilm mér að gerast umsjónarmaður þátta um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Draumar geta ræst! Allt frá því að ég sá Cosmos þætti Carl Sagan, fyrirmyndar minnar í lífinu, hafði mig dreymt um að gera vísindapætti.

Ég hef lengi viljað gera mitt besta til að breyta heiminum – í það minnsta hnika honum í rétta átt – og þótt ég viti vel að þátturinn breyti ekki heiminum, þá vona ég að hann hreyfi við fólk og hvetji það til jákvæðari og sjálfbærari lífsstíls. Við þörfnumst þess svo sárlega.

Þættirnir *Hvað höfum við gert?* eru tíu talsins og hafa haft ótrúlega mikil áhrif. Hver vill ekki setjast niður á besta tíma á sunnudagskvöldi og láta sér líða illa í rúman hálf tíma? Vonandi bara að við virkjum þessa ónotatilfinningu og ótta til þess að gera heiminn að enn betri stað.




Ég starfa við vísindamiðlun og finnst ég í besta starfi í heimi: Að vinna með og hafa áhrif á framtíðina. „Miklu valdi fylgir mikil ábyrgð“ sagði Ben Parker. Þessi orð frænda Köngulóarmannsins eiga svo sannarlega við þegar ég tala við framtíðina, börnin og barnabörnin ykkar, í skólum.

Nú, þegar ég heimsæki skóla og tala við krakka um plánetuna okkar, þá spyrja þau mjög gjarnan um loftslagsbreytingar. Satt best að segja eru margir krakkar hræddir og kvíðnir. „Hugsaðu bara vel um Jörðina,“ segi ég þá.

Ég hef séð meira af alheiminum en margir aðrir. Við þekkjum í dag næstum fimm þúsund aðrar plánetur fyrir utan sólkerfið okkar. Engin þeirra kemst nálægt paradísinni Jörð. Því meira sem ég læri um aðrar plánetur, því vænna þykir mér um Jörðina. „Þú verndar aðeins það sem þú elskar, þú elskar aðeins það sem þú þekkir. Þú þekkir aðeins það sem þér hefur verið kennt,“ sagði Guðmundur Páll Ólafsson.

Jörðin er eini staðurinn þar sem þú getur hlustað á fuglasöng, heyrð róandi lækjarnið, fundið ilminn af blómumun, dýft tánunum í sjóinn, fundið regndropa falla á andlitið þitt, orðið ástfangin(n), elskað börnin þín og knúsað þá sem þér þykir vænt um.





Jörðin er eina plánetan sem mannkynið hefur yfirgefið og óvart uppgötvað þegar líflaust, litlaust landslag annars hnattar var kannað. Við tökum feegurðinni í kringum okkur sem svo sjálfsögðum hlut að við þurfum að yfirgefa heimahagana til að læra að meta hana. Við eigum enn eftir að læra að vera góðir verndarar geimskipsins Jörð.

Sjálfur er ég alveg dolfallinn yfir þessum stórkostlega stað sem plánetan okkar er – einmana ögn í regindjúpum himingeimsins, svifandi í kringum fremur dæmigerða stjörnu í útjaðri vetrarbrautar.

Vanvirðing okkar fyrir náttúrunni, ofneysla okkar og gegndarlaus sóun breytir ekki aðeins Jörðinni, heldur útrýmir dýrategundum og eyðileggur ótrúleg verðmælti, ekki bara fyrir okkur sjálfum heldur líka komandi kynslóðum. Við erum að ræna framtíðina.

Þrátt fyrir alla fundi ráðamanna, alla sáttmálana sem skrifað hefur verið undir og öll loforðin um betrubót, erum við óralangt frá því að ná markmiðum okkar. Næsta áratug þurfum við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um helming og svo aftur um helming næstu tvo áratugi þar á eftir. Ef við sjáum ekki að okkur fylgja hörmungar fyrir vistkerfið sem er þegar byrjað að láta undan.

Valið er okkar. Heimurinn er í okkar höndum. Annað hvort þrómmum við áfram á sömu braut, knúin áfram af gróðafíkn þar sem við, auðgasta fólk veraldar, fáum aldrei nóg á kostnað annarra lífvera, eða byrjum loks að bera þá virðingu fyrir Jörðinni sem hún á skilið. Náttúran þarf ekkert á okkur að halda – en við getum ekki án hennar verið.

Vonandi auðnast okkur að velja feegurðina og lífið og fara gætilega með þessa stórkostlegu plánetu sem við erum svo heppin að búa á.

Gerum það sem við gerum best: Vinnum saman. Framtíð okkar veltur á því. Enginn einn einstaklingur getur leyst vandann, ekkert eitt fyrirtæki, engin ein þjóð heldur. Þetta er stærsta áskorun sem við höfum staðið frammi fyrir sem tegund. Ef við bregðumst, þá bregðumst við framtíð mannkynsins.

Sameiginlegir hagsmunir okkar, að lifa af og elska börnin okkar, neyða okkur til að vinna saman að því að vernda föla bláa punktinn, eina heimili okkar í geimnum.

Earthrise. Mynd: William Anders





FEE

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Félagasamtök í 76 löndum um allan heim eiga aðild að FEE. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir nú eitt af fimm menntaverkefnum FEE, verkefnið Skólar á grænni grein (Grænfánann) frá 2001. Á árunum 2002 til 2018 starfrækti Landvernd einnig Bláfánann og árin 2015 til 2017 Græna lykilinn. Horfið var frá þeim verkefnum vegna anna og skorts á fjármagni. Önnur verkefni FEE sem ekki eru starfrækt hér á landi eru Skógarverkefni fyrir skóla og Ungir umhverfisblaðamenn en Landvernd hyggst taka upp það síðarnefnda á þessu ári.




Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein eru alþjóðlegt verkefni sem rekið er í 67 löndum og taka 19 milljónir nemenda í 51 þúsund skólum þátt.

Verkefnið byggir á því að styðja við getu nemenda til að taka upplýstar og aðgerðamiðaðar ákvarðanir um sjálfbærni í skólum sínum, nærumhverfi og samfélagi. Til að svo geti orðið þarf allt skólasamfélagið að vinna saman að markmiðum til að bæta stöðu umhverfismála í skólanum og hafa áhrif á nærsamfélagið utan hans.

Landvernd rekur verkefnið með það að markmiði að leiða skóla í faglegri og árangursríkri vinnu með sjálfbærni í viðum skilningi að leiðarljósi. Lögð er áhersla á tengsl verkefnisins við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, grunnþætti menntunar í aðalnámskrár og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla alþjóðlega samninga, líkt og Heimsmarkmiðin, Parísarsamkomulagið og fleiri samninga. Með þátttöku í verkefninu geta skólar því uppfyllt hluta af skuldbindingum Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Samkvæmt úttekt UNESCO er verkefnið stærsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag en í Heimsmarkmiði 4, Menntun fyrir alla, kveður einmitt á um að „[e]igi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl“. Á næstu árum hyggst Landvernd gera tengingu verkefnisins við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enn sýnilegri.



Þessar sýlur sýna hlutfall skóla sem skráðir eru í verkefnið Skólar á grænni grein.



„[e]igi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl“. (Undirmarkmið 4.7 í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna)



Tófan er lukkuður Skóla á grænni grein á Íslandi.
Teiknari: Ari Hlynur Guðmundsson Yates

Um 40% skóla á landinu með í verkefninu

Í lok árs 2018 voru 172 skólar á yfir 200 starfsstöðvum með í verkefninu, þar af voru 76 leikskólar, 73 grunnskólar, 14 framhaldsskólar, tveir háskólar og sjö annars konar skólar (vinnuskólar o.fl.). Af heildarfjölda skóla á landinu eru um 40% með í verkefninu á öllum skólastigum. Af þátttökuskólum voru 125 skólar með viðurkenninguna grænfánann. Um svipaðan fjölda og árið á undan er að ræða.

Nýr þriggja ára rekstrarsamningur

Þann 18. febrúar 2019 var undirritaður nýr þriggja ára rekstrarsamningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn var undirritaður af ráðherrum og framkvæmdastjóra Landverndar við hátíðlega athöfn í Laugarnesskóla. Nemendur tóku virkan þátt m.a. með því að syngja umhverfissáttmála skólans sem er sérlega fallegur og í bundnu máli.

Ný aðgerðaráætlun

Til grundvallar nýjum samningi við ráðuneytin liggur þriggja ára aðgerðaráætlun Skóla á grænni grein. Helstu markmið næstu ára samkvæmt áætluninni eru að efla almenna fagþjónustu við skóla, að efla sjálfbærnimenntun á Íslandi með sérstakri áherslu á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, að auka og dýpka skilning og getu til aðgerða í aðkallandi umhverfismálum með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar. Auk þess er stefnt að fjölgun skóla á tímabilinu.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirrita nýjan þriggja ára rekstrarsamning í Laugarnesskóla.



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra syngja umhverfissáttmála Laugarnesskóla ásamt nemendum að lokinni undirritun nýs þriggja ára rekstrarsamnings.

Landshlutfundur víðsvegar um landið

Veturinn 2018-2019 voru haldnir samtals 10 landshlutfundir á ýmsum stöðum á landinu. Landshlutfundir eru haldnir að jafnaði annað hvert ár og eru hluti af endurmenntun kennara innan verkefnisins. Á landshlutfundunum voru þrjár vinnustofur haldnar með það að markmiði dýpka skilning þátttakenda á sjálfbærni- og umhverfismenntun, getu til aðgerða, umbreytandi námi og aðgerðum í loftslagsmálum. Auk þess var haldin vinnustofa fyrir byrjendur í verkefninu þar sem farið var yfir framkvæmd verkefnisins innan skóla. Allir skólar á landinu fengu boð um að mæta á þá vinnustofu og létu nokkrir skólastjórnendur utan verkefnisins sjá sig. Allir þátttakendur fengu að gjöf handbókina *Á grænni grein* sem kom út á prenti haustið 2018 en hún er leiðarvísir um framkvæmd verkefnisins innan skóla.

Námsefni um matarsóun

Landvernd hefur lengi unnið að vitundarvakningu um að sporna gegn matarsóun. Samstarfsaðilar hafa m.a. verið Kvenfélagasamband Íslands og samtökin Vakandi. Landvernd hefur einnig, í samvinnu við Reykjavíkurborg, mælt matarsóun á reykvískum heimilum og ráðist í átak gegn matarsóun á vinnustöðum borgarinnar. Síðastliðið haust hélt Rannveig Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Landvernd, fyrirlestur um matarsóun í Sólgorðum sem er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar um ræktun matjurta í almannarými.

Í framhaldi af þessari vitundarvakningu kom í ljós að þörf er á námsefni fyrir grunnskólabörn um matarsóun og leiðir til að sporna við henni. Landvernd vinnur nú að slíku námsefni sem ætlað er nemendum á miðstigi í grunnskólum landsins. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði námsgagna og nú í vetur var gert samkomulag við Menntamálastofnun um samstarf við útgáfu efnisins. Námsefnið verður aðgengilegt á heimasíðu Landverndar og námsefnisvef Menntamálastofnunar og verður því auðvelt fyrir grunnskólakennara að nálgast það.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla fékk sinn sjöunda grænfána afhentan í lok ársins 2018. Hann hefur lengst allra framhaldsskóla verið með í verkefninu eða frá árinu 2005. Á myndinni eru fulltrúar úr umhverfisnefnd skólans sem veittu fánanum viðtöku.

Áfangi í umhverfisstjórnun fyrir framhaldsskólastig

Vorið 2019 var umhverfisstjórnunaráfangi fyrir framhaldsskólastig prufukeyrður í Verzlunarskóla Íslands sem þróaður hafði verið innan Skóla á grænni grein hér á landi. Í áfanganum sjá nemendur um framkvæmd Skóla á grænni grein innan skólans undir handleiðslu kennara. Áfanginn er valdeflandi og hvetur til sjálfstæðra vinnubragða í samstarfi við skólayfirvöld og tengsl við nærsamfélag. Í áfanganum eru sjálfbærni- og umhverfismenntun og geta til aðgerða höfð að leiðarljósi auk þess sem hann tengist grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Verkefnisstjóri Skóla á grænni grein er Katrín Magnúsdóttir. Jóhanna Höskuldsdóttir, grunnskólakennari, var ráðinn tímabundið við verkefnið veturinn 2018-2019 í fjarveru Margrétar Hugadóttur sem var í fæðingarorlofi. Caitlin Wilson starfar einnig við verkefnið.

Námsefnið samanstendur annars vegar af rafbók fyrir nemendur með fræðslu um matarsóun og afleiðingar hennar ásamt tíu verkefnum og hins vegar kennsluleiðbeiningum með ítrefni og tenglum. Allt efnið verður á rafrænu formi. Áætlað er að námsefnið verði komið út fyrir kynningardag nýs námsefnis á vef Menntamálastofnunar í október 2019. Námsefnið kemur inn á mörg hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla, m.a. í heimilisfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri matarsóunarverkefnis Landverndar en einnig hefur Jóhanna Höskuldsdóttir grunnskólakennari komið að verkefninu.



Sólgarðar á sólríkum degi. Mynd: Pía María Aradóttir

Gæðaár hjá Græðum Ísland/CARE-Rewilding Iceland

Mikið og gott starf var unnið í verkefninu Græðum Ísland sumarið 2018. Rúmlega 300 sjálfbóðaliðar settu niður 25.171 birkiplöntu á örfokalandi við Þjófafoss í Hekluslóga og við Sauðafell á Norðurlandi. Einnig var fjórum tonnum af áburði dreift á svæðið, bæði á nýju svæðin og á landsvæði sem gróðursett var á árin 2016 og 2017. Þetta var töluverð aukning frá árinu á undan. Þessi mikla aukning er árangur af samstarfi og stuðningi margra aðila s.s. Landgræðslu ríkisins, Hekluslóga-verkefninu og ekki síst stjórnarmeðlimum Landverndar.

Samtals voru farnar 19 ferðir í Hekluslóga og að Sauðafelli á Norðurlandi. Markmið ferðanna var tvíþætt. Annars vegar að fræða sjálfbóðaliða um sögu landeyðingar og landgræðslu á Íslandi og mikilvægi þess að vernda birkiskóga. Hins vegar að gróðursetja



Hópur af framhaldsskólanemum frá Bandaríkjunum lét ekki mýflugurnar eyðileggja góða gróðursetningargestund. Mynd: Caitlin Wilson

innlendar tegundir (birki, baunagras, gráviði og melgresi) og dreifa áburði á næringarsnautt land. Sjálfbóðaliðarnir komu víða að, aðallega voru það ferðamannahópar og nemendahópar í námsferðum til landsins en einnig heimamenn sem fréttu af verkefninu í gegnum samfélagsmiðla.

Verkefnið var styrkt af sendiráði Bandaríkjanna, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Ferðafélagi Íslands og með frjálsum framlögum frá þátttakendum. Einnig gáfu allir sjálfbóðaliðarnir, Daði Lange Friðriksson og Sigríður Þorvaldsdóttir hjá Landgræðslu ríkisins fyrir norðan, Hrönn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri Hekluslóga og Lovísa Ásbjörnsdóttir og Pétur Halldórsson, stjórnarmeðlimir Landverndar, vinnu sína í að vernda og græða upp yfir 40 hektara af gróðursnautu landi. Verkefnisstjóri Græðum Ísland er Caitlin Wilson.



Fjölbreyttur gróður einu ári eftir gróðursetningu og áburðadreifingu. Mynd: Caitlin Wilson

Erasmus+ verkefni: Þróun námsefnis um loftslagsmál og lífbreytileika

I SEE: Námsefni um loftslagsmál og kolefnisbindingu á framhaldsskólastigi

Landvernd hefur síðustu þrjú ár tekið þátt í þróunarverkefninu I SEE. Verkefninu lýkur í ár með útgáfu námsefnis um loftslagsmál og kolefnisbindingu fyrir framhaldsskóla. Námsefnið var þróað í samstarfi við Sigurkarl Stefánsson og Auði Ingimarsdóttur, kennara í Menntaskólanum við Hamrahlið, auk sérfræðiaðstoðar Söndru Óskar Snæbjörnsdóttur hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Brynhildar Bjarnadóttur hjá Háskólanum á Akureyri.

Námsefnið felur í sér verkefni þar sem fjölbreyttum kennsla- aðferðum er beitt til að byggja upp djúpan skilning og getu nemenda til aðgerða í loftslagsmálum. Það var prufukeyrt í Menntaskólanum við Hamrahlið í áföngum í jarðfræði og vistfræði haustið 2018. Viðtöl voru tekin við nemendur sem tóku þátt í prufukeyrslunni og var námsefnið lagað að þeirra athugasemdum. Það er nú aðgengilegt á ensku á vef verkefnisins, iseeproject.eu. Stefnt er að útgáfu þess á íslensku hjá Landvernd í vor.

Hob's Adventure: Námsefni um lífbreytileika á leikskólastigi og yngsta stigi grunnskóla

Haustið 2018 hóf verkefnið *Hob's Adventure* göngu sína en það er samstarfsverkefni samtaka sem reka Skóla á grænni grein í Lettlandi, Eistlandi, Slóveníu og á Íslandi auk leik- og grunnskóla. Verkefnið gengur út á að hanna, prufukeyra og gefa út námsefni um lífbreytileika fyrir 5–9 ára nemendur. Áhersla er á verklegar æfingar, ræktun í skólastofum auk þess sem stafræn tækni er nýtt til að læra um lífbreytileika. Með í verkefninu eru 11 skólar á Íslandi á leik- og grunnskólastigi. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2020 með rafrænni útgáfu námsefnis á þessum fjórum tungumálum auk ensku.

Verkefnisstjóri Erasmus+ verkefna Landverndar er Caitlin Wilson, auk þess hefur Jóhanna Höskuldadóttir komið að verkefninu *Hob's Adventure*.



Frá kynningu um ræktun plantna í fræðslumiðstöð fyrir börn í Lettlandi

Vistheimt með skólum

Verkefnið Vistheimt með skólum er langtímaverkefni Landverndar sem unnið er í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum og verkefnið er liður í að efla þekkingu og getu grænfánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál eins og loftslagsbreytingar og tap á lífbreytileika. Níu grænfánaskólar eru þátttakendur í verkefninu, sex grunnskólar og þrír framhaldsskólar. Verkefnin eru fjölbreytt og gerðar eru tilraunir, mælingar og vistheimt á bæði gróðurshvæfnum landi og í endurheimtu votlendis. Bláskógaskóli skráði sig til leiks í verkefnið á árinu 2018 og fór í vistheimtaraðgerðir við Bláfell og nemendur þelamerkurskóla eru að skipuleggja endurheimt á gömlu námusvæði í nágrenni skólans.

Endurheimt votlendis

Haustið 2018 hófu nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð mælingar í tengslum við endurheimt votlendis í Úlfarsárdal en það verkefni er unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg. Nemendur gerðu verkefni þar sem þeir mældu m.a. gróður áður en mokað var ofan í skurðina. Á árunum 2019-21 verður reglulega farið í vettvangsferðir í Úlfarsárdalinn þar sem mældir verða ákveðnir umhverfisvísar, m.a. vatnsstaða og breytingar á tegundasamsetningu og fjölbreytni.

Vistheimt í Hekluskögum

Nemendur í Hvolsskóla hafa unnið ötullega að endurheimt birkiskógar við Þjófafoss í Þjórsá frá því vorið 2017 og Fjölbrautaskóli



Suðurlands hóf vinnu á þessu svæði haustið 2018. Þessi hluti verkefnisins er unninn í samstarfi við Hekluskögaverkefnið. Skólarnir hafa nú samtals plantað yfir 10 þúsund birkiplöntum á svæðið og dreift áburði. Fjölbrautarskóli Suðurlands gerði þar að auki gróðurmælingar sem verða endurteknar árlega.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Vistheimtar með skólum.



Nemendur í áttunda bekk Hvolsskóla við skilti skólans við Þjófafoss þegar aðgerðir hófust vorið 2017 og svo haustið 2018. Eins og sjá má urðu miklar breytingar á svæðinu á þessum tíma.

Loftslagsverkefnið Öndum léttar

Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun nútímans og brýnt að ólíkir aðilar komi saman til að stemma stigu við þær og afleiðingar þeirra. Í verkefninu Öndum léttar fengu sveitarfélög aðstoð við að meta og draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum. Erfitt var frá upphafi að fá nægt fjármagn til að sinna verkefninu nægilega vel. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur styrkt verkefnið frá árinu 2013 sem hefur gert Landvernd kleift að ýta verkefninu úr vör, prufukeyra það með sveitarfélaginu Hornafirði, hefja samstarf við sveitarfélagið Fljótsdalshérað og koma á viðræðum við fleiri sveitarfélög. Auk þess var gert leiðbeiningarit fyrir nýja þátttakendur. Til að ná markmiðum Parísarsáttmálsans er þörf á breiðri samstöðu milli stjórnvalda, sveitarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtaka, fyrirtækja og almennings. Frjáls félagasamtök eru skilvirk og ódýr leið til slíks, eins og fjölmörg langtímaverkefni Landverndar bera vitni um. Þær voru því kallar kveðjurnar frá ráðuneytinu þegar það ákvað að styðja ekki lengur við verkefnið. Verkefnið Öndum léttar er því ekki lengur starfrækt en Landvernd heldur áfram að vinna með sveitarfélögum að loftslagsmálum eftir öðrum leiðum.

Samstarf við Klappir – Grænar lausnir hf.

Landvernd hóf samstarf með hugbúnaðarfyrtækinu Klappir – Grænar lausnir hf. á árinu 2018 en fyrirtækið fékk Loftslagsviðurkenningu Reykjavíkurborgar og Festu árið 2018. Í samvinnu við fyrirtækið er stefnt að útgáfu námsefnis um loftslagsmál þar sem skólar geta unnið markvisst og með valdeflandi hætti að því að minnka kolefnisspor sitt. Gagnaveitur (rafmagn, vatn, samgöngur og flokkaður og óflokkaður úrgangur) streyma þá sjálfvirk inn í kolefnisbókhald skóla og geta nemendur fylgst með árangri í rauntíma. Þetta verkefni mun auka læsi nemenda á bein áhrif sín á loftslagið og geta nemendur unnið í sinni eigin aðgerðaáætlun um loftslagsmál út frá raungögnum. Nokkrir þátttökuskólar í verkefninu Skólar á grænni grein munu prufukeyra námsefnið þegar það er komið út.

Rannveig Magnúsdóttir var verkefnisstjóri Öndum léttar og sér um samstarf við Klappir – Grænar lausnir hf.





Landvernd vill draga úr plasmengun og stuðla að sjálfbærri neyslu. Árvekníatíkið Hreinsum Ísland gengur út á að fræða almenning um skaðsemi plasts í náttúrunni og þrýsta á stjórnvöld til að draga úr ósjálfbærri neyslu í víðu samhengi. Verkefnið er samstarfsverkefni Landverndar og Bláa hersins en Blái herinn sér um strandhreinsunarhluta verkefnisins. Gleðilegt er að segja frá því að verkefnið hlaut tilnefningu til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2018.



Sorplinda á undanhaldi

Segja má að landsmenn hafi sett upp sorpgleraugun á árinu og er svokölluð sorplinda nú á undanhaldi. Meðvitund fólks um skaðsemi plasts og rusls í náttúrunni hefur aukist að undanfögnu og stunda nú fjölmargir svokallað plock. Landvernd hvetur alla til að endurhugsa neyslu sína, afþakka allan óþarfa, auka endurnotkun og að síðasti valkosturinn sé að endurvinna.



Tvöfalt fleiri hreinsanir

Árið 2018 fóru fram tveir stórir hreinsunarviðburðir, Norræni strandhreinsunardagurinn þann 5. maí og Alheimshreinsunardagurinn þann 15. september. Góð þátttaka var á þessum viðburðum og fjölgaði skráðum hreinsunum um helming frá því fyrra. Alls voru skráðar 102 hreinsanir í átakið að þessu sinni. Verkefnisstjóri Hreinsum Ísland er Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, auk hennar hafa Rannveig Magnúsdóttir og Margrét Hugadóttir komið að verkefninu.

Efst mynd: Nemendur Grunnskóla Grindavíkur hleyptu árvekníatakinu af stað á Degi umhverfisins þann 25. apríl sl. Mynd: Margrét Hugadóttir

Neðri mynd til vinstri: Hreinsað var víða um land á Norræna strandhreinsunardeginum. Hér má sjá hluta hópsins sem hreinsaði við Garðskagavita. Mynd: Margrét Hugadóttir

Neðri mynd til hægri: Atli Svavarsson og Svavar Hávarðsson voru með afkastamestu plockurum á árinu og létu til sín taka á Norræna strandhreinsunardeginum á Reykjanesi Mynd: Margrét Hugadóttir



Fjöldi hreinsana fór fram um allt land á árinu.



Bláfáninn fer frá Landvernd

Það er með sorg í hjarta sem við kveðjum Bláfána-verkefni Landverndar. Árið 2018 var síðasta árið sem verkefnið var rekið af Landvernd en Bláfáninn er rekinn í 45 löndum víðsvegar um heiminn og í fyrra var honum flaggað á 4.423 stöðum. Illa hafði gengið að fjármagna verkefnið um nokkurt skeið en árið 2018 lækkaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrk sinn til verkefnisins um 50% og þar með var rekstrargrundvöllur þess brostinn. Síðasta árið hjá Bláfáninum var blómlegt þrátt fyrir þetta þegar fjórtán handhafar fengu að flagga Bláfáninum og heimsótti verkefnisstjóri Bláfánans þá alla ásamt umsækjendum. Bláfáninn verður áfram rekinn á Íslandi undir merkjum alþjóðlega Bláfánans á skrifstofu FEE (Foundation for Environmental Education) sem staðsett er í Kaupmannahöfn. Landvernd þakkar öllum Bláfánahandhöfum fyrir gott samstarf og fyrir að huga vel að umhverfi sínu. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir er verkefnisstjóri Bláfánans.



Norðursigling veitir Bláfáninum viðtöku sumarið 2018



Virkjum og virkjum... grasrótina!

Þetta fimmtugasta starfsár Landverndar hefur snúist mikið um að virkja grasrót samtakanna. Þó við glímum við máttuga risa getum við sem samtök með yfir 5000 félagsmenn veitt kröftugt aðhald og talað sterkri röddu fyrir náttúruna og komandi kynslóðir. Á liðnum vetri hefur markvisst verið unnið að því að leyfa rödd félagsfólks að heyrast.

Fyrst var send könnun á félagsfólk þar sem spurt var um forgangsröðun viðfangsefna og ánægju með starf og sýnileika samtakanna. Svarhlutfall var 17% sem gaf góða mynd af vilja félagsmanna. Bæði var um opnar spurningar að ræða og valmöguleikaspurningar. Aldurs- og búsetudreifing svarenda var í samræmi við aldurs- og búsetudreifingu félagsfólks.

Rúmlega helmingur þeirra sem svörðuð vildu virkari aðkomu að starfi samtakanna. Það eru frábærar fréttir enda næg verkin sem þarf að vinna við umhverfisvernd á Íslandi.

Yfirgnæfandi meirihluti var ánægður með starf samtakanna eða 83% en 1,6% voru óánægð. Þá kom fram í könnuninni að nokkrum þóttu samtökin ganga of hart fram og vera of kæruglöð en um 39% aðspurðra vildu þó að samtökin sinntu náttúruvernd með málssóknum og kærum. Félagfólk var beðið um að velja tvö áhersluatriði af fimm sem það vildi helst að Landvernd beitti sér fyrir og má sjá niðurstöður á meðfylgjandi mynd.


Eftir úrvinnslu á niðurstöðum könnunarinnar héldu samtökin stefnumótunarfund með félagsmönnum þar sem megináherslan var á þau viðfangsefni sem samtökin skyldu sinna til næstu þriggja starfsára. Vel var mætt á fundinn en um 60 félagsmenn gáfu af tíma sínum þennan laugardag. Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram og var merkilega skýr samhljómur meðal fundargesta. Eins og í spurningakönnun til félagsfólks var sterk áhersla á að samtökin



sinntu fræðslu og vitundarvakningu. Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að aðalfundur samþykki stefnu þess og verður niðurstaða stefnumótunarfundar 2019 því lögð fyrir aðalfund.

Á fundinum kom skýrt fram að margt Landverndarfólk hefur áhuga á að koma meira að starfi samtakanna og snéru margar tillögur stefnumótunarfundarins að því að setja á fót málefnaþróun. Nú þegar hafa tveir slíkir hópar farið af stað, annars vegar aðgerðarhópur í loftslagsmálum og hins vegar hálendishópur. Þeir hafa báðir byrjað á sínum fyrstu verkum og eru opnir öllum í Landvernd. Á næsta starfsári verða fleiri málefnaþróun settir á í samræmi við þá stefnu sem aðalfundur samþykkir til næstu þriggja ára.

Hvaða verkefnum vilt þú helst að Landvernd sinni? (hægt var að velja 2 atriði)



Vegið að þátttökurétti almennings – Ísland klagað til eftirlitsnefndar Árósasamningsins í fyrsta skipti

Almenningur hefur skýlausan rétt til umsagnar um nýtingu auðlinda þjóðarinnar og hvernig gengið er um sameiginleg land- og náttúrugæði. Árósasamningurinn á að tryggja þennan rétt. Hann er mikilvægt lýðræðistæki og nauðsynlegur til að hægt sé að stuðla að sjálfbærri þróun. Án aðkomu almennings munu áhrif hagsmunaaðila á opinbera ákvarðanatöku vera yfirgnæfandi og hætta á að ákvarðanir séu teknar til að hámarka gróða hagsmunaaðila.



Vandinn sem við erum komin í sem mannkyn vegna þess skaða sem við höfum unnið umhverfi okkar liggur meðal annars í því hve sjaldan er hlustað á umhverfisverndarfólk við ákvarðanatöku. Loftslagsvandinn hefur verið ræddur á hinum opinbera vettvangi í 30 ár en þeir sem taka ákvarðanirnar hlusta fyrst á hagsmunaaðila, síðast á almenning og fulltrúa þeirra. Meðal annars þess vegna hefur okkur ekkert orðið ágengt í því að koma böndum á umhverfisvandann. Gróði þeirra risastóru er of mikilvægur til að stjórnvöld gripi til raunverulegra aðgerða. Árósasamningurinn á að hleypa almenningi að ákvarðanatökunni þannig að einnig sé hlustað á sjónarmið hans.

Árósasamningurinn var innleiddur á Íslandi árið 2011 og í kjölfarið var úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála sett á. Í október 2018 gerði Alþingi alvarlega atlögu að grunnstoðum Árósasamningsins og sjálfstæði úrskurðarnefndarinnar þegar lögum um fiskeldi var breytt á einum degi án umræðu eða aðkomu almennings og samtaka hans. Þannig var málsmeðferð Alþingis við lagabreytinguna skýrt brot á Árósasamningnum og jafnframt árás á gildi og sjálfstæði úrskurðarnefndarinnar. Lagabreytingarnar sjálfar fólu í sér að útilokað er fyrir umhverfisverndarsamtök að koma að ákvörðun um bráðabirgðaleyfi til fiskeldis til 20 mánaða og þau eru ekki kæránleg. Þannig var bæði málsmeðferð Alþingis brot á Árósasamningnum en einnig lagabreytingarnar sjálfar.

Landvernd stendur vörð um rétt almennings til þátttöku og hefur kvartað yfir brotum íslenskra stjórnvalda á EES reglum til Eftirlitsstofnunar EFTA og, ásamt sex öðrum umhverfisverndarsamtökum, til eftirlitsnefndar Árósasamningsins. Samtökin sem standa að kvörtun til eftirlitsnefndar Árósasamningsins með Landvernd eru Eldvötn, Fjöregg, Fuglavernd, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Ungir umhverfissinnar. Niðurstöðu er að vænta á árinu 2019 eða 2020.



Gullbrá. Mynd: Hafþór Óðinsson




Þátttaka í ákvarðanatöku



Aðgengi að
upplýsingum



Aðgengi að
réttlátri málsmeðferð



Kerlingarfjöll. Mynd: Hafþór Óðinsson

Friðlýsingar: Ekki gera ekki neitt

“Ekki gera ekki neitt” hefur glumið í sjónvarpstækjum landsmanna undanfarin ár, auglýsing tryggingafélags til að næla sér í fleiri viðskiptavinum með þann boðskap að þú tryggir ekki eftir á þegar skaðinn er skeður. Þessi frasi getur einnig átt við um friðlýsingar því þegar náttúru er raskað er yfirleitt ekki hægt að endurheimta fyrra ástand. Rask er rask, sama hversu vel er gengið frá skemmdunum eftir á.

Í 1. gr. laga um náttúruvernd stendur: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru [...]“. Þetta er göfugt markmið en núna erum við heldur betur komin í kapphlaup við tímann. Rannsókn- og framkvæmdaleyfi eru gefin út án afláts í því skini að nýta náttúruauðlindir og hraði framkvæmda er mikill. Aftur á móti ganga friðlýsingar afar hægt fyrir sig ef marka má árangur undangenginna ára. Mörg ár virðist taka að vernda mikilvæg náttúrusvæði þrátt fyrir að Alþingi hafi lagt blessun sína yfir friðlýsingu þeirra.

Til að varpa ljósi á alvarleika málsins fylgir hér með stutt samantekt um framgang friðlýsinga á síðustu 15 árum. Þessi samantekt á við þau svæði sem þingið hefur samþykkt með þingsályktunum að skuli friðlýsa, en vissulega hafa önnur svæði verið friðlýst á tímabilinu að beiðni sveitarfélaga.

- Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 voru sett fram 12 svæði til friðlýsingar. Af þeim hefur Skerjafjörður verið friðlýstur sem hluti af stærra svæði. Vestmannaeyjar og Látrabjarg hafa farið í kynningarferli en eru enn ekki friðlýst. Önnur svæði hafa hvorki farið í kynningarferli eða verið friðlýst og einu þeirra, Eldvörpum á Reykjaneskaga, hefur verið raskað óafturkræft með rannsóknarborunum vegna jarðvarmavirkjunar.
- Samhliða setningu nýrra laga um Mývatn og Laxá árið 2004 voru tilgreind 11 svæði sem skyldi friðlýsa fyrir árslok 2007. Af þessum svæðum hafa aðeins Þrengslaborgir, Hverfell og Dimmuborgir verið friðlýst en ekki t.d. Lúdent og Lúdentsborgir. Tveimur þeirra svæða sem átti að friðlýsa fyrir 2007, Leirhnjúkshrauni og Jarðbaðshólum, hefur í dag verið raskað óafurkræft vegna framkvæmda.
- Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009–2013 voru sett fram 13 svæði til friðlýsingar. Af þeim lista hefur einungis búsvæði tjarnarklukku á Hálsu í Djúpavogshreppi verið friðlýst.
- Í þingsályktun um rammaáætlun frá árinu 2013 eru nefnd 13 svæði sem ber að friðlýsa fyrir orkuvinnslu en ekkert af því hefur enn gengið eftir. Í september 2018 lagði Umhverfisstofnun þó fram til kynningar tillögur að friðlýsingu þriggja svæða á hálendinu sem byggja á grunni rammaáætlunar. Svæðin eru Hólmsá, Tungnaá, Jökulfall og Hvítá. Þar að auki hafa Kerlingarfjöll verið í friðlýsingarferli frá 2016 en þau voru áður á náttúruminjaskrá.
- Í apríl 2018 skilaði Náttúrufræðistofnun tillögum um val svæða á B-hluta náttúruminjaskrár. Valin voru alls 112 svæði í net

verndarsvæða fyrir vistgerðir, fugla og jarðminjar. Þessar tillögur, sem eru hinar fyrstu eftir að ný náttúruverndarlög tóku gildi árið 2015, eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Náttúra Íslands er einstök og við verðum að gera mun betur í friðlýsingarmálum en gert hefur verið á síðustu árum. Við bindum miklar vonir við núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra sem hefur mikla reynslu og þekkingu í náttúruvernd og vitum að hann mun gera sitt besta.

Á síðustu árum hefur almenningur smátt og smátt verið að átta sig á því að orðið náttúruauðlind á ekki eingöngu við um orku- og jarðefnanýtingu heldur eru raunveruleg verðmæti falin í óraskaðri náttúru Íslands. Aukin vitundarvakning í umhverfismálum og eflaust líka hrifning erlendra ferðamenna af náttúru landsins hafa átt þátt í því að vekja menn til umhugsunar um þessi verðmæti.

Síðasta sumar kom ánægjuleg tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðherra um átak í friðlýsingum fyrir árin 2018–2020. Settar voru 36 milljónir króna árlega í þennan málaflokk auk 12 milljóna króna í undirbúning stofnunar miðhálandisþjóðgarðs. Þá lét umhverfis- og auðlindaráðuneytið gera rannsókn á efnahagslegum áhrifum 12 friðlýstra svæða og nærsamfélaga þeirra. Niðurstöður voru kynntar á Umhverfisþingi í nóvember 2018. Rætt var við rúmlega 3000 ferðamenn sumarið 2018. Í ljós kom að innan þeirra svæða sem rannsökuð voru eyða ferðamenn árlega samtals um 10 milljörðum króna, sem þýðir að fyrir hverja eina krónu sem ríkið lagði til svæðanna skiluðu 23 krónur sér til baka. Þetta sýnir að friðlýst svæði landsins eru ekki bara náttúrufarslega mikilvæg heldur einnig efnahagslega mjög arðbær, að ekki sé talað um heilsueflandi áhrif þeirra.

Við byggjum allt okkar á náttúru landsins; hreint vatn úr jarðlögum, rafmagn og hiti úr fallvötnum og háhitasvæðum, byggingarefni úr ármöl og jökulgörðum, gjöful fiskimið umhverfis landið, landbúnaðarvörur af gróðurlendum og svona má lengi telja. Við þurfum að fara vel með náttúru okkar og temja okkur sjálfbærni. Íslenski málshátturinn „eyðist það sem af er tekið“ á við um alla hluti og hugsunarlaus auðlindanýting er ekki í boði lengur á tímum loftslagsbreytinga sem geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir náttúru og samfélög jarðarinnar.

Það er óskandi að áframhaldandi vitundarvakning um náttúruvernd hjá almenningi og ráðamönnum þjóðarinnar verði til þessi að við getum staðið vörð um náttúruþerlur landsins og verndað þær til framtíðar.

Stöndum saman og gerum góða hluti í þágu náttúruverndar. Ekki gera ekki neitt!

Starfsfólk Landverndar 2018-2019



Auður Önnu Magnúsdóttir,
lífefnafræðingur
audur@landvernd.is



Dr. Rannveig Magnúsdóttir,
spendýravistfræðingur
rannveig@landvernd.is



Katrín Magnúsdóttir,
kennari, líf- og mannfræðingur
katrin@landvernd.is



Caitlin Wilson,
umhverfisfræðingur
caitlin@landvernd.is



Jóhanna Höskuldsdóttir,
grunnskólakennari
johanna@landvernd.is



Margrét Hugadóttir,
náttúrufræðikennari
margret@landvernd.is



Ellen Ágústa Björnsdóttir,
viðskiptafræðingur
ellen@landvernd.is



Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir,
mannvistfræðingur
sigridur.bylgja@landvernd.is



Hrefna Einarsdóttir,
bókari
hrefna@landvernd.is

Mannabreytingar

Auður Önnu Magnúsdóttir tók við stöðu framkvæmdastjóra Landverndar 1. maí 2018 af Salome Hallfreðsdóttur. Auður er með doktorspróf í lífefnafræði frá Stokkhólmsháskóla/Karolinska Institut og hefur stundað rannsóknir á því sviði. Hún starfaði áður sem deildarstjóri hjá Orf Líftækni og hjá Íslenskri erfðagreiningu. Áður en hún hóf störf hjá Landvernd gegndi hún starfi deildarforseta Auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands um tveggja ára skeið. Auður hefur setið í framkvæmdastjórn Orf Líftækni og Landbúnaðarháskóla Íslands og var formaður Samtaka kvenna í vísindum.

Salome Hallfreðsdóttir, umhverfisfræðingur, lét af störfum árið 2018 en hún hafði þá starfað hjá samtökunum í fimm ár fyrst sem sérfræðingur og verkefnastjóri en síðasta hálfu árið sem framkvæmdastjóri samtakanna. Salome eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna

Jóhanna Höskuldsdóttir hóf störf hjá samtökunum 1. september 2018 og er hún ráðin tímabundið sem sérfræðingur við *Skóla á grænni grein*. Jóhanna er grunnskólakennari að mennt og hefur yfir 20 ára starfsreynslu sem kennari.

Starfsnemar

Þær **Heiðrún Dagmar Eiríksdóttir** og **Pálína Axelsdóttir** voru starfsnemar hjá Landvernd haustið 2018. Báðar stunda þær mastersnám í hagnýtri sálfræði við Háskóla Íslands og hafa í náminu lagt áherslu á umhverfissálfræði. Þær fengust við ýmis verkefni meðan á starfsnáminu stóð m.a. lögðu þær fyrir og unnu úr könnun til allra skóla á landinu þar sem spurt var út í sjálfbærni og umhverfisvitund innan skólans. Könnunin er liður í mati á árangri verkefnisins *Skólar á grænni grein*. eru þeim færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Landverndar.

Dominika Olga Skwarska, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands var starfsnemi og sjálfbóðaliði hjá Landvernd. Hún hefur sérhæft sig í málefnum er varða hafið og haf læsi (e. ocean literacy). Á árinu vann hún að nokkrum verkefnum hjá Landvernd. Hún kannaði þekkingu á haf læsi og viðfangsefnum tengdum hafinu meðal starfsfólks þátttökuskóla í verkefninu *Skólar á grænni grein*. Að auki hlaut Dominika styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að bera saman alþjóðlegt námsefni um haf læsi og gegndi hún því mikilvægu hlutverki í þróun námsefnis um haf læsi og plastmengun í hafi sem áætlað er að komi út hjá Landvernd á árinu 2019. eru henni færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt til Landverndar.

Stjórn Landverndar 2018-2019



Rósbjörg Jónsdóttir,
stjórnarformaður



Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, varaformaður



Páll Ásgeir Ásgeirsson,
gjaldkeri



Margrét Auðunsdóttir,
ritari



Lovísa Ásbjörnsdóttir,
meðstjórnandi



Guðmundur Björnsson,
meðstjórnandi



Hugufrún Geirsdóttir,
meðstjórnandi



Helga Ögmundardóttir,
meðstjórnandi



Pétur Halldórsson,
meðstjórnandi



Snorri Baldursson,
meðstjórnandi

Enn stækjum við!


Félagsfólki í Landvernd fjölgar enn og telur nú yfir 5500 manns. Áhugi landsmanna á umhverfismálum fer vaxandi og fleiri vilja taka þátt í því að vernda umhverfið. Með fleiri félögum náum við betri árangri, vekjum meiri athygli og höfum aðgang að breiðari þekkingu og reynslu. Landvernd stefnir á enn frekari fjölgun á næstu árum.

Við vekjum athygli!

Sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum er mikill og í takt við aukinn áhuga á umhverfismálum. Á árinu 2018 fjölgaði umfjöllunum um samtökin lítillega og birtust 395 fréttir og greinar þar sem fjallað var um samtökin. Þar af voru 38 í sjónvarpi og útvarpi, 90 í prentmiðlum, 231 í netmiðlum og 36 á sérvefnum. Landvernd er áfram í 5. sæti yfir fjölda umfjallana um félagasamtök í fjölmiðlum.



Ritið sýnir fjölgun félagsmanna Landverndar frá árinu 2011 til 2019



Ritið sýnir fjölda skipta sem fjallað var um Landvernd í fjölmiðlum á síðustu árum

Græn pólitík

Okkar umhverfi – okkar ákvarðanir

Landvernd stendur vörð um lýðræðislega stjórnarhætti þegar kemur að umhverfismálum. Í lögum samtakanna segir að markmið þeirra sé „sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu“ Markmið Árósasamningsins er einnig hið sama: að tryggja sjálfbæra þróun til framtíðar en það verður ekki gert nema með lýðræðislegum ákvörðunum þar sem valdi er dreift og réttur almennings til að taka ákvarðanir um umhverfi sitt og náttúru er tryggður.

Kvartanir til alþjóðlegra eftirlitsaðila

Árið 2016 stóð til að breyta lögum í Bakkalínunálinu svokallaða. Þá lá fyrir „frumvarp til laga um heimild til handa Landsneti hf. til að reisa og reka 220 kW raflínur frá Kröflustöð að Þeistareykjavirkjun og að iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi“. Með samþykkt þess yrði úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála (ÚUA) sem þá var væntanlegur um málið og talið var að myndi falla Landsneti í óhag, samtímis ógildur. Sem betur fer var fallið frá þeirri lagasetningu en við þetta tilfelli sagði Lilja Rafney Magnúsdóttir, núverandi formaður atvinnuveganeftndar, í öðru nefndarálitinu að:

“Í þessu máli eru mýmörg og alvarleg lögfræðileg álitamál auk þess sem í málatilbúnaðinum öllum er náttúruverndarsjónarmiðum vikið til hliðar í þágu einnar framkvæmdar sem er óásættanlegt. Í frumvarpinu er lagt til að kærheimild umhverfisverndarsamtaka sem virkjast við lok langs ferils verði í raun felld úr gildi með sértækum lögum. Framkvæmdaleyfið eitt getur virkjað umrædda heimild, að gildandi lögum, og hlýtur því að vera umhugsunarefni hvort löggjafinn sé með þessu máli að skapa fordæmi fyrir því að kærheimildin verði höfð að engu í fleiri málum og þar með þau réttindi umhverfisverndarsamtaka sem Árósasamningurinn mælir fyrir um.”

Þessi góðu og þörfu orð eiga vel við þær aðgerðir sem Alþingi réðst í í október síðastliðnum þar sem lögum um fiskeldi var breytt í kjölfar úrskurðar ÚUA án umræðu við eða nokkrar aðkomu náttúruverndarsamtaka. Þá var lögum breytt í þágu einnar (tveggja) mengandi framkvæmdar sem gerðu úrskurð ÚUA að engu. Með þessu hefur gildi ÚUA verið rýrt og komið fordæmi fyrir því að löggjafinn sjálfur muni brjóta gegn Árósasamningnum sé þrýstingur hagsmunaaðila nægilega mikill.

Í þessu máli var einnig ljóst hversu veik íslensk stjórnsýsla er þegar kemur að málefnum náttúru- og umhverfisverndar. Hvorki Skipulagsstofnun né Umhverfisstofnun höfðu gert athugasemdir við umhverfismat sem var gallað. Þá var einnig ljóst að fyrirtækin sem um ræðir svífast einskis þegar kemur að því að tryggja hagnað eigenda sinna. Þau er tilbúin til að krefja Alþingi Íslendinga um brot á alþjóðasáttmálum og virða lýðræðisleg vinnubrögð og eðlilegt samráð að vettugi.

Á starfsárinu 2018-19 fór mikið þúður í að bregðast við þessari lagasetningu. Kvartað hefur verið til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

og eftirlitsnefndar Árósasamningsins (sjá nánar á bls. 12). Landvernd heldur áfram að krefja alþingismenn um bætt vinnubrögð og ráðherra um aðgerðir til að endurvefja traust á ÚUA og tryggja sjálfsstæði hennar á meðan úrskurða frá ESA og eftirlitsnefndar Árósasamningsins er beðið.

Græn pólitík: Þátttaka í ákvörðunum um umhverfismál og réttlát málsmeðferð

Árósasamningurinn hefur verið í gildi síðan 2011. Hann veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til aðgangs að upplýsingum og þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku. Þá tryggir samningurinn rétt slíkra samtaka til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið. EES samningurinn veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti. Kæruréttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á, samkvæmt Árósasamningnum, að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið.

Umsagnir

Eins og mörg undanfarin ár sendi Landvernd frá sér fjölmargar umsagnir á starfsárinu um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum o.fl. Málaflokkarnir eru margir s.s. náttúruverndarsvæði og stjórnun þeirra, loftslagsmál og skipulagsmál og flutningur rafmagns. Nýr þjóðgarður á miðhálandi Íslands er nú í undirbúningi og væri það mikið framfaraskref. Landvernd sendi frá sér umsagnir um væntanlega þjóðgarðastofnun sem væri annað stórt framfaraskref fyrir íslenska náttúruvernd en gerði athugasemdir við fyrirhugaða uppsetningu og verkswið hennar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út aðgerðaráætlun vegna Árósasamningsins þar sem Landvernd gerði ýmsar tillögur að breytingum, við sumum var orðið öðrum ekki.

Náttúruvernd: Orkuvinnsla

- Tillaga að breyttu deiliskipulagi vegna rannsókna fyrir 55 MW Hvalárvirkjunar í Árneshreppi
- 1. áfangi orkustefnu fyrir Ísland

Náttúruvernd: Raforkuflutningur

- Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 – drög að matslýsingu
- Hólasandslína 3 frá Akureyri til Hólasands – Mat á umhverfisáhrifum

Náttúruverndarsvæði og stjórnun þeirra

- Frumvarp um þjóðgarðastofnun
- Breytingar á lögum um náttúruvernd
- Aðalskipulag Rangárpings eystra
- Stjórnar- og verndunaráætlun á Hornströndum
- Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Náttúruvernd: ferðapjónusta

- Hálendismiðstöð í Kerlingarfjölum – Mat á umhverfisáhrifum
- Lög um ferðamálastofu

Mengandi starfsemi

- Frumvarp til laga um fiskeldi
- Reglugerð um mengaðan jarðveg

Stjórnsýsla í umhverfismálum

- Drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun ESB um mat á umhverfisáhrifum
- Heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum
- Drög að aðgerðaráætlun vegna Árósasamningsins

Loftslagsmál

- Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum
- Breytingar á loftslagslögum

Byggðamál

- Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018 til 2024

Landgræðsla og skógrækt

- Frumvarp til laga um skóga og skógrækt
- Frumvarp til laga um landgræðslu

Niðurstöður dóms- og kærumála

Á árinu lágu fyrir niðurstöður í mörgum dóms- og kærumálum fyrri ára sem í sumum tilvikum hafði dregist fram úr hófi að fá niðurstöðu í. Aldrei var fallist á málsrök Landverndar og var öllum dómsmálum vísað frá. Starfsárið var því ár hinna mörgu ósigra.

Mál fyrir dómi

Dómsmál sem Landvernd rak ásamt Hollvínunum Hornafjarðar vegna vegagerðar yfir Hornafjarðarfjót var vísað frá bæði í Héraðsdómi og í Landsrétti. Dómsmál sem Landvernd rak ásamt Fjöreggi vegna brota á sérlögum um Laxá og Mývatn var vísað frá í Héraðsdómi. Í báðum tilvikum greiddi Landvernd málskostnað kærðu sem var umtalsverður og í báðum tilvikum var málum vísað frá vegna þess að dómarrar töldu náttúruverndarsamtök ekki hafa lögvarinna hagsmuna að gæta. Bæði málin hófust á fyrri starfsárum en er nú lokið. Ljóst er af niðurstöðum þessara dóma og fyrri dóma að íslenskir dómstólar taka ekki fyrir málefni umhverfis- og náttúruverndar nema kærundur geti sýnt fram á tjón á sínum persónulegu hagsmunum óháð því hvert brotið er. Þetta er mikill galli sem þarf að bæta úr enda verður að vera hægt að fylgja eftir brotum á lögum um umhverfisvernd til dómstóla.



Mynd: Luca Baggio

Mál fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA)

Niðurstaða fékkst í nokkrum útistandandi málum fyrir ÚUA. Nefndin féllst ekki á málsrök Landverndar í neinu tilviki. Þó var Skútustaðahreppi gert að svara Landvernd og Fjöreggi varðandi erindi um Leirhnjúkshraun. Allsérstakt er að í úrskurði ÚUA vegna virkjunar í uppsveitum Árnessýslu, þar sem ljóst var að framkvæmdaraðilinn HS orka myndi brjóta náttúruverndarlög með framkvæmdinni, segir að gefa verði leyfisveitanda, í þessu tilviki Bláskógabyggð, rúmt frelsi til að ákveða sjálf hvort um brýna nauðsyn sé að ræða. Í náttúruverndarlögum er tiltekið að brýna nauðsyn þurfi til að leyfilegt sé að brjóta náttúruverndarlög. Í þessu tilviki telur úrskurðarnefndin að hinn kærði leyfisveitandi geti sjálfur ákveðið hvort hann sé að brjóta lög eða ekki. Þetta getur á engan hátt staðist og hefur Landvernd til athugunar hvort leggja megi fram kvörtun vegna þessa sjónarmiðs nefndarinnar. Þau mál sem niðurstaða fékkst í á þessu starfsári en hófust á fyrri árum voru:

- Framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar til HS Orku fyrir Brúarvirkjun, seinna leyfi, í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Starfsleyfi kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka
- Umhverfisáhrif Sprengisandslínu metin sameiginlega með Blöndulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3
- Athafnaleysi Skútustaðahrepps vegna borholu og slóða í Leirhnjúkshrauni, í samstarfi við Fjöregg
- Rannsóknaleyfi Orkustofnunar til North Tech Energy ehf. vegna jarðhita á Reykjaneshrygg og fyrir Norðurlandi (vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum)
- Stöðvunarkrafa því vegagerð í Þingvallapjöldgarði fór ekki í umhverfismat

Önnur erindi

Samtökin héldu á starfsárinu áfram að senda stjórnvöldum ábendingar, fyrirspurnir og önnur erindi. Þar á meðal voru ábending og fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um samþykkt aðalskipulags Árneshrepps án þess að boðaðar efnislegar athugasemdir væru færðar fram.

Árósasamingurinn og samstarf

Landvernd nýtir kæruréttinn sem samtökunum er tryggður með Árósasamningnum og EES samningnum með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Það hafa samtökin gert undanfarið í auknu mæli í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í héraði. Með því móti nýtur Landvernd góðs af þekkingu heimamanna auk þess að styðja við samtök þeirra og veitir stjórnvöldum um leið öflugra aðhald en ella. Ekki leikur vafi á því að úrlausnir úrskurðarnefnda og æðra settra stjórnvalda leiðbeina hinum lægri stjórnvöldum um ákvarðanatöku í framtíðinni og hafa þannig jákvæð og stefnumarkandi áhrif til lengri tíma. Óhóflega langur málsmeðferðartími hamlar þó mjög virkni kæruréttarins en hann hefur styst verulega á starfsárinu og er það vel.


Landvernd þekktustu umhverfisverndarsamtökin á Íslandi

Í könnun Gallup í janúar 2019 nefndu 28% aðspurðra Landvernd þegar þau voru spurð hvaða íslensku umhverfisverndarsamtökum þau myndu eftir. Þetta er mikil aukning frá síðustu könnunum þar sem rúm 20% nefndu Landvernd. Þau samtök sem komu næst oftast fyrir voru nefnd í 5,5% tilvika. Tæplega 60% nefndu engin samtök en í apríl 2012 var þetta hlutfall tæplega 70%. Landvernd eru því langþekktustu umhverfisverndarsamtök á Íslandi.


Þátttakendur voru einnig spurðir hversu vel þeir þekktu til Landverndar en þeim sem segjast þekkja vel eða frekar vel til starfsemi samtakanna hefur fjölgað nokkuð frá 2015. Þeir sem segjast þekkja til samtakanna eru mjög jákvæðir gagnvart þeim.

Jákvæðni í garð Landverndar er því mikil en hefur staðið í stað frá 2015 en þá hafði hún aukist mikið frá árinu 2012. Starf samtakanna og baráttumál verða því þekktari með hverju árinu og þykir yfirgnæfandi meirihluta aðspurðra starfið jákvætt. Við getum því ótrauð haldið áfram á sömu góðu braut og undanfarin ár með byr undir báða vængi.

Hvaða íslensku umhverfisverndarsamtökum mannst þú eftir?



Hversu jákvæð/neikvæð/ur ert þú í garð Landverndar?



Skaftafell. Mynd: Tommy Rodrigue

Ályktanir Landverndar 2018-2019

Stuðningur við miðhálandisþjóðgarð áréttaður

Landvernd hefur í áráraðir barist fyrir þjóðgarði á miðhálandinu og ályktaði aðalfundur árið 2006 um að hálandið yrði gert að griðarsvæði. Fyrir aðalfundi Landverndar 2019 liggur tillaga að ályktun sem áréttar óumdeilanlegt mikilvægi þess fyrir sjálfbæra framtíð Íslands og hvetur nefnd um stofnun þjóðgarðs til dáða.



Vinnubrögð tengd skýrslu Hagfræðistofnunar fordæmd

Stjórn Landverndar sendi frá sér fréttatilkynningu í janúar 2019 eftir að skýrsla Hagfræðistofnunar um hvalveiðar kom út. Stjórnin mótmælti harðlega því að hagfræðingar notuðu kenningar utan þeirra fræðasviðs eins og vistfræði til þess að komast að þjóðhagfræðilegum niðurstöðum. Þá mótmælti stjórn Landverndar því að inn í skýrsluna væri dregin umfjöllun um hryðjuverk í nafni umhverfisverndar.



Ólíðandi í lýðræðisþjóðfélagi

Aðför Alþingis að stoðum Árósasamningsins var mótmælt í harðorðri fréttatilkynningu frá stjórn Landverndar í október 2018. Þá hafði Alþingi, með málsmeðferð sinni og lagasetningu, brotið tvær af þremur stoðum Árósasamningsins. Annars vegar um þátttöku almennings í ákvörðunum er varða umhverfismál og hins vegar um réttláta málsmeðferð, en með lagasetningunni vó Alþingi að gildi og sjálfstæði einu kæruleiðar umhverfissamtaka í málum er varða umhverfið. Sjá nánari umfjöllun á bls. 12 og 16.



Yfirgangur Vegagerðarinnar vegna Teigsskógar varhugaverð

Verndun og endurheimt náttúrulegra birkiskóga hefur frá upphafi verið baráttumál Landverndar. Hinn einstaki Teigsskógur á sunnanverðum Vestfjörðum þarfnast verndar eins og önnur mögnuð náttúra Breiðafjarðar. Vegagerðin er þó ákveðin í því að raska þessu einstaka svæði með veglagningu í gegnum skógin og hefur sýnt af sér fádæma yfirgang gagnvart sveitarstjórnarfólki á svæðinu sem stjórn Landverndar átalði hana fyrir í lok janúar sl. Á bls. 24 og 25 er fjallað ítarlega um Teigsskóg.



Áskorun á Umhverfis- og auðlindaráðherra og forstjóra Umhverfisstofnunar

Landvernd hefur sett af stað undirskriftarlista til að hvetja til þess að friðlýsingu Drangajökulsvíðerna verði hraðað en hún er á B-hluta náttúruminjaskrár sem leggja þarf fyrir Alþingi til samþykktar.



Þjórsárver. Mynd: Þóra Ellen Þórhallsdóttir
 Hnúfubakar. Myndir: Edda Elísabet Magnúsdóttir
 Teigsskógur. Mynd: Hafdis Hanna Ægisdóttir.
 Drangajökulssvæðið. Mynd: www.fjfl.is

Útgáfa

Myndbönd fyrir samfélagsmiðla vegna Hvalárvirkjunar

Galin áform um virkjun Hvalár, Eyvindafjarðarár og Rjúkanda, einu nafnikölluð Hvalárvirkjun, virðast enn standa. Þar á að fórna einstökum víðernum á heimsvísu, fossum, jarðminjum og stöðuvötnum sem allt nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum til þess eins að erlent einkafyrirtæki hagnist. Landvernd hefur á starfsárinu gefið út þrjú myndbönd fyrir samfélagsmiðla þar sem áformin eru útskýrð, ósannar fullyrðingar um að virkjunin muni auka á raforkuöryggi á Vestfjörðum eru hraktar og Íslendingar spurðir hvort þeir vilji fórna fleiri fossum. Myndböndin hafa fengið góða dreifingu á samfélagsmiðlum og yfir 100 þúsund manns hafa séð það fyrsta.



I SEE námsefni

Erasmus+ verkefninu I SEE lýkur nú í vor með útgáfu námsefnis um loftslagsbreytingar og kolefnisbindingu fyrir framhaldsskólastig. Námsefnið er komið út á ensku á vefsíðu þess iseeproject.eu Til stendur að gefa námsefnið út á íslensku á vefsíðu Skóla á grænni grein í vor auk þess sem styrkur hefur fengið til að aðlag efnid að leik- og grunnskólastigum.



Vestrahorn. Mynd: Norbert Von Niman

Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi:

Loftslagsbreytingar, hamfarir og flóttafólk

Maðurinn er athafnasöm, hugmyndarík og útsjónarsöm vera. Frá upphafi hefur hann notað þessa hæfileika sína til þess að komast af, búa sér í hagin og koma næstu kynslóð á legg. Í þúsundir ára stóð þessi barátta, þar sem náttúruöflin og hæfileikar mannsins vógust á vogarskálum, og ýmist gekk eða rak. Náttúruhamfarir, sjúkdómar, stríð og önnur óáran héldu fólksfjölgun í skefjum.

Tiltölulega nýtilkomnar framfarir í læknávisindum og tækni hafa valdið fólksfjölgun og bættum lífskjörum í heiminum. Nú er svo komið að tæknin, breyttir lífshættir og afleiðingar þessa eru komin á það stig að mannkyninu er hætta búin. Loftslagsbreytingar eru staðreynd. Enginn nema mannkynið sjálft getur brugðist við.

Við í Rauða krossinum þurfum stöðugt að takast á við alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga og því miður er fyrirséð að þær áskoranir munu aukast og verða alvarlegri. Umræða um loftslagsmál er ekki ný í alþjóðahreyfingu Rauða krossins. Árið 2007 á ríkjaráðstefnu Rauða krossins, þar sem fulltrúar 194 ríkisstjórna mættu, var samþykkt hvernig bregðast skyldi við þeim mannúðarvanda sem loftslagsbreytingar sannarlega valda.


Frá árinu 2007 má færa rök fyrir því að loftslagsbreytingar hafi sannarlega haft áhrif á að vopnuð átök hafa brotist út. Mjög alvarleg og langvarandi átök, sem má að verulegu leyti rekja til þurrka, hafa hrakið milljónir á flótta og valdið dauða hundraða þúsunda. Vopnuð átök og loftslagsbreytingar hafa svo aftur valdið fæðuskorti og jafnvel hættu á hungursneyð. Afleiðingar ofsavæðurs, annarra náttúruhamfara og vopnaðra átaka hafa afar neikvæð áhrif á lífsgæði og velferð fólks og kostað margan lífið. Flóttamannastraumur kemur svo í kjölfarið og gætu svokallaðir loftslagsflóttamenn jafnvel skipt tugum milljóna á næstu áratugum. Framþróun byggir að verulegu leyti á menntun, sér í lagi stúlkna og á valdeflingu kvenna. Áhrif loftslagsbreytinga geta sannarlega gert þetta að engu, þar sem áhrifanna gætir mest.



Rauði krossinn gegnir á mannúðarsviði stoðhlutverki við stjórnvöld í hverju landi. Í okkar huga eru loftslagsmálin svo nátengd mannúðarmálum að varla má þar á milli skilja. Takist ekki að snúa vörn í sókn má búast við svo stórfelldum náttúruvám, átökum og hamförum að mannlegur máttur fengi ei megnað hót. Látum það ekki gerast. Líf komandi kynslóða veltur á okkar gjörðum. Hér er ekkert plan B.



Frá Sómalíu í apríl 2017 þar sem miklir þurrkar geysuðu og fólk hafðist við í flóttamannabúðum. Mynd: Rauði krossinn.



Mynd: Rostyslav Savchyn



Tryggvi Felixson skrifar

Landvernd til heilla í 50 ár

Jarðvegurinn og gróðurinn voru kveikjan að því að félagar jafn ólíkra félaga og Lions-klúbburinn Baldur og Hið íslenska náttúrufræðifélag tóku höndum saman og tilkynntu 17. júní 1969 um áform að stofna Landvernd. Landvernd var einnig afkvæmi strauma sjöunda áratugar síðustu aldar þegar heimurinn uppgötvaði að iðnvæðing og efnisleg gæði höfðu verið dýru verði keypt og átt þátt í því að raddir vorsins voru að þagna. Áform um virkjanaf framkvæmdir við Laxá og Blöndu sem og hugmyndir um Þjórsárveravirkjun á árdögum samtakanna kveiktu elda umhyggju fyrir óraskaðri náttúru landsins sem enn loga. Þjóðin, sem fyrr hafði tengt tilvistarvitund sína við tungu og bókmenntir, fann nýjan vitundarstreng í hálendi og auðnum. Það snart samtökin djúpt. Áhuginn fyrir að vernda og hlúa að gróðri og að standa vörð um hálendisauðnir og óspillt víðerni fann sinn hljómgrunn í Landvernd.


Virkjun sjálfbóðaliða, fræðsla og samtalið voru frá upphafi mikilvægustu verkfæri Landverndar. Nán tengsl við atvinnulíf og önnur samtök voru leiðarstef fyrir félagið, sem lengi vel leit á sig fyrst og fremst sem regnhlífarsamtök. Þetta breyttist þegar deilur um Kárahnjúkavirkjun hleyptu illu blóði í hluta þess fjölbreytta flokks sem hafði staðið að baki samtökunum í meira en þrjá ártugi. En þúsundir einstaklinga fylltu upp í það skarð sem myndaðist þegar voldug félög og fyrirtæki sögðu skilið við Landvernd snemma á fyrsta ártug þessarar aldar.

Skammsýni og græðgi hefur lengi einkennt sambýli manna við náttúru Íslands. Gegn því hefur Landvernd barist. Það verkefni virðist enn óleyst og oft og tíðum ófyrstíganlegt. Jákvæðar breytingar eru þó sjáanlegar og samtökin hafa átt sinn þátt í að koma þeim til leiðar á 50 ára starfsferli. Nefnum fáein dæmi.

- Í plastumræðu samtímans er hollt að minnast að Landvernd tók frumkvæði að því að lagt var gjald á plastburðarpoka í verslunum á níunda áratug síðustu aldar. Það fé sem safnaðist var sett í sjóð sem Landvernd annaðist og var veitt til umhverfisbótaverkefna. Starfsemin gekk vel í fáein ár. Velgengni sjóðsins varð því miður til þess að verslunin ákvað að taka sjóðinn af Landvernd til að fá frjálsar hendur um ráðstöfun fjármuna. Það kann að vera að ástand umhverfismála á Íslandi væri betra í dag ef verslunin hefði ekki stigið þetta óheillaspor.
- Umhverfismennt hefur stóraukist fyrir tilstuðlan Landverndar; Ritröð Landverndar, Skólar á grænni grein/Grænfáninn, Náttúruskóli í Alviðru, Vistvernd í verki og Bláfáninn eru fáein góð dæmi þar um. Það eru líka slagorð Landverndar s.s. Hreint land – fagurt land, Hóflæg nýting - hagur þjóðar, Hugsum áður en við hendum. Aukin vitund um umhverfismál sem í dag er einkanlega sýnileg í umræðum um loftslagsbreytingar, á m.a. rætur að rekja til fræðslustarfs og samræðu innan vébanda Landverndar.
- Landvernd átti þátt í að bjarga Þjórsárverum frá eyðileggingu og hefur með afskiptum sínum stuðlað að því að við ýmsar stórkaralegar framkvæmdir hafa umhverfisáhrif verið milduð. Samtökin áttu ríkan þátt í því að koma rammaáætlun á dagskrá um síðustu aldamót og lögðu þung lóð á vogarskálarnar við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Landvernd var, er og verður mikilvægur gerandi í þeirri löngu vegferð að byggja upp samfélag sem nú hefur valið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem leiðarljós.

Tryggvi Felixson er félagi í Landvernd og var framkvæmdastjóri félagsins á árunum 1999 til 2006.



Rekstrarreikningur ársins 2018

Rekstrartekjur:	2018	2017
Árgjöld	44.935.651	38.110.341
Almennir styrkir	9.840.665	25.445.016
Verkefnatengdar tekjur og styrkir	46.224.817	46.557.411
Umsýslu- og aðstöðugjald	4.968.394	6.742.100
Aðrar tekjur	387.350	396.667
	<u>106.356.877</u>	<u>117.251.535</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld	24.858.252	28.036.600
Verkefnatengd gjöld	47.596.656	51.894.122
Önnur rekstrargjöld	35.973.411	29.676.935
Afskriftir	193.188	193.187
Fjármagnstekjuskattur.....	88.449	113.797
	<u>108.709.956</u>	<u>109.914.641</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði	(2.353.079)	7.336.894
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur	1.554.740	1.914.396
Fjármagnsgjöld	(3.267)	(24.193)
	<u>1.551.473</u>	<u>1.890.203</u>
Hagnaður (halli) ársins	<u>(801.606)</u>	<u>9.227.097</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir:	2018	2017
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II	9.031.262	9.224.450
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs	21.251.038	20.159.325
Fastafjármunir alls	<u>30.282.300</u>	<u>29.383.775</u>
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl.	680.000	680.000
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld	6.285.828	15.883.331
Handbært fé	32.802.631	24.365.206
Veltufjármunir alls	<u>39.768.459</u>	<u>40.928.537</u>
Eignir alls	<u>70.050.759</u>	<u>70.312.312</u>
Skuldir og eigið fé:	2018	2017
Eigið fé:		
Eigið fé	59.346.145	60.147.751
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttekinna styrkja	4.158.253	5.675.000
Ýmsar skammtímaskuldir.....	6.546.361	4.489.561
Skuldir alls	<u>10.704.614</u>	<u>10.164.561</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>70.050.759</u>	<u>70.312.312</u>



Neðst í vestanverðum Teigsskógi, horft yfir ströndina, Skálanesfjall í baksýn. Mynd: Kristín Svavarsdóttir

Höfundar: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Ása L. Aradóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir, Kristín Svavarsdóttir, Rannveig Thoroddsen

Teigsskógur og ströndin við Þorskafjörð

Teigsskógur er stærsta samfellda skóglendi á Vestfjörðum. Hann nær frá Hallsteinsnesi að Þórisstöðum í Þorskafirði og þekur birkiskógur og kjarr langstærstan hluta þess svæðis. Á stöku stað er mólendi, deiglendi við lækjardrög og graslendi, bæði náttúrulegt og gömul tún við bæi. Sérstaða Teigsskógar liggur m.a. í því að hann er lítt snortinn og óslitinn frá fjöru og hátt upp í hlíðar. Trén eru ekki hávaxin og flokkast að mestu sem kjarr. Þó eru hærri tré innan um. Skógurinn er víða það þéttur að mjög erfitt er að fara um hann. Reyniviður er sums staðar áberandi og stendur gjarnan upp úr birkikjarrinu.

Botngróður Teigsskógar er talinn sérlega tegundaauðugur

Teigsskógur er líklega gamall og landið gæti jafnvel hafa borið birkiskóg frá því löngu fyrir landnám. Birki eða ilmbjörk er eina trjategundin sem myndar náttúrulega skóga hér á Íslandi. Talið er að birkiskógar og kjarr hafi verið ein útbreiddustu vistkerfi landsins við landnám og hafi þá náð yfir að minnsta kosti 20 þúsund ferkílómetra. Útbreiðsla birkivistkerfisins minnkaði mikið næstu aldirnar og mældist um 1200 km² á síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Á síðustu áratugum hefur þó orðið smávægis aukning í útbreiðslu birkivistkerfa; kortlagning þeirra á árunum 2010-2014 sýndi rúmlega 1500 km². Verðmæti birkiskóga eins og Teigsskógar liggur ekki síst í þeirri margháttaðu vistkerfisþjónustu sem þeir veita. Eins og allar grænar plöntur tekur birkið upp koltvísýring úr andrúmslofti og bindur hann í orkurík kolvetni með aðstoð sólarljóss. Þessi starfsemi plantna kallast frumframleiðni og í gegnum hana berst næstum öll orka inn í vistkerfi jarðar. Grænar plöntur eru því undirstaða annars lífs á jörðinni. Með tímanum safnast upp kolefni í gróðri og jarðvegi

birkiskóga og jarðvegur þeirra verður frjósamur. Birkið veitir skjól auk þess sem gróður og jarðvegur temprar vatnsflæði og draga úr flóðahættu. Því veita birkiskógarnir öflugra vörn gagnvart vatns- og vindrofi. Þar sem brum trjáa og hávaxinna runna eru hátt yfir yfirborði þola þau gjóskufall mun betur en lágvaxnari plöntur og hefur reynslan sýnt að birkiskógar geta náð sér eftir gjóskufall sem veldur verulegum skaða á lágvaxnari gróðri og jafnvel víðtæku jarðvegsrofi. Birkiskógar búa yfir verulegri líffræðilegri fjölbreytni miðað við mörg íslensk vistkerfi og margar tegundir smádyra og fugla eiga þar sín aðal eða jafnvel einu heimkynni.

Strandgróðurinn

Strönd Þorskafjarðar við Teigsskóg er að mestu algróin. Við ströndina er talsvert votlendi og er það víðáttumest neðan við Hallsteinsnes. Þar skiptast á klóífufu- og mýrastaramýrar og gulstara- og klóífuflóar þar sem blautara er. Meðfram strandlengjunni eru sjávarfítjar í lygnum víkum. Auk sjávarfítjungs vaxa þar skriðstör, heigulstör og

lágardi, allt tegundir sem vaxa nær eingöngu á sjávarfitjum eða í myrlendi við sjó. Grýttar þangfjörur, leirur og síðan klettur taka við en þar eru mjög fáar æðplöntur. Þó má nefna hrímblöðku sem vex innan um laust þang í sandfjöru og sæhvönn sem vex í klettum. Í Þorskafirði rétt utan við ströndina á leirkenndum botni eru allmiklar marhálmsgræður. Marhálmur er ein örfárra tegunda blómplantna sem vex í köldum sjó. Hann er mikilvæg fæða fyrir gæsir, ekki síst margæs, og marhálmsbreiður eru uppeldisstöðvar fyrir fiska. Stofnum hans hefur hnignað víða í Evrópu sl. áratugi. Þá fundum við gulstararfitjavist á nokkrum litlum blettum. Þessi vistgerð er fágæt á Íslandi, hún finnst yfirleitt á litlum blettum og er heildarflatarmál hennar aðeins talið vera 15 km². Við strönd Þorskafjarðar hjá Teigsskógi eru því þrjár vistgerðir, gulstararfitjavist, sjávarfitjungsvist og marhálmsgræður, sem settar hafa verið á lista Bernarsáttmálans (2014) yfir vistgerðir í Evrópu sem þarfnast verndar og hafa tvær þær fyrstnefndu hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Flóra og tegundaauði

Alls hafa fundist 172 tegundir æðplantna á svæðinu. Um það bil tveir þriðju hlutar flórunnar eru þurrlendisplöntur sem vaxa í skógarbotninum eða opnara landi (mólendi, graslendi). Aðrar tegundir vaxa í deiglendi (um 30), í votlendi eða við ströndina. Flestar eru algengar á landsvísi en þarna vaxa einnig nokkrar sjaldgæfar jurtir, m.a. krossjurt sem finnst staðbundið á nokkrum stöðum á Vestfjörðum, skollakambur og ferlaufungur. Ferlaufungur er friðlýstur og flokkaður í yfirvofandi hættu á valista Náttúrufræðistofnunar. Sóldögg, sem er fremur sjaldgæf, hefur fundist í mýrum nærri ströndinni.

Hugleiðingar um náttúruverðmæti Teigsskógar og nágrennis

Við undirritaðar erum hópur plöntuvistfræðinga sem höfum á undanförunum sumrum farið í nokkurra daga ferð til að skoða og greina plöntur, m.a. til að fylla inn í reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sumarið 2018 vörðum við hálfum öðrum degi í Teigsskógi og skráðum æðplöntur sem á vegi okkar urðu. Fyrri daginn lögðum við upp utan við Hallsteinsnes. Við gengum fyrst austur eftir hliðinni en fljótlega varð skógurinn erfiður yfirferðar svo við héldum okkur



Teigsskógur. Að minnsta kosti fimm reynitré sjást á myndinni. Ef vel er að gáð má sjá eina úr hópnun rétt vinstra megin við stærsta reynitréð. Mynd: Hafdís Hanna Ægisdóttir.



Klettur og leirur við ströndina. Mynd: Hafdís Hanna Ægisdóttir.

við skógarjaðarinn og ströndina. Síðdegis hittum við heimafólk sem tók vel á móti okkur í sumarbústað sínum. Í lok dags gengum við til baka - fyrir ofan okkur hnitaði arnarpar hringi. Morguninn eftir fórum við að bænum Gröf og gengum vegaslóða gegnum skóginn til suðvesturs.

Það sem kom okkur einna mest á óvart var náttúruvegurinn við ströndina. Þar skiptast á lágir klettur, nes og tangar og grunn lón með kyrru vatni, sléttar sjávarfitjar og leirur og vel grónir blettir þar sem breiður ólíkra tegunda gefa hver sinn lit. Fyrir utan eru sker og hinum megin fjarðarinn blasir Reykjanesfjall við og Skálanesfjall nokkru vestar. Við veltum því fyrir okkur hvort sjónrænt og fagurfræðilegt gildi landslagsins á svæðinu hafi verið metið. Verði farin sú leið sem Vegagerðin leggur til mun nýr vegur liggja neðan skógarinn vestast á svæðinu og fara þá jafnframt yfir þann hluta strandarinnar sem gæti haft hæst verndargildi í gróðri og landslagi.

Umræða um náttúruverðmæti svæðisins hefur fyrst og fremst beinst að birkiskógnum. Við erum sammála því sem komið hefur fram um hátt verndargildi hans. Það felst meðal annars í því hversu lítt snortinn og samfelldur skógurinn er frá fjöru til fjalls og í tegundaauði botngróðursins. Við teljum að strandgróðurinn hafi einnig umtalsvert verndargildi sem þyrfti að rannsaka betur.



Fjölbreytt landslag og gróður við ströndina. Mynd: Ása L. Aradóttir.

Nokkrir valdir viðburðir

5. maí

Norræni strandhreinsunardagurinn

Norðurlöndin tóku saman höndum annað árið í röð og stóðu fyrir strandhreinsunum á Norræna strandhreinsunardeginum. Á Íslandi var áhersla lögð á Reykjanesið og stóðu Landvernd og Blái herinn fyrir hreinsunum ásamt sveitarfélögum fimm á Reykjanesi, Garði, Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerði og Vogum. Landsmenn sáu til þess að hreinsað yrði í öllum landshlutum og voru fjölmargar hreinsanir skipulagðar af fjölskyldum, vinum, fyrirtækjum og skólum.

15. maí

Pallborðsfundur um samgöngur með frambjóðendum í Reykjavík

Samtök um bíllausan lífstíl, Landssamtök hjólréiðamanna, Hjólafærni, Grænni byggð, Ungir umhverfissinnar og Landvernd stóðu fyrir pallborðsfundi um samgöngur með 11 frambjóðendum til sveitastjórnarkosninga í Reykjavík. Kvöldið byrjaði með fræðsluerindi um lýðheilsu, loftslagsmál og samgöngur, síðan tóku pallborðsumræður við ásamt spurningum úr sal um afstöðu og stefnu frambjóðenda. Viðburðurinn var vel sóttur og er liður í að styðja upplýsta ákvarðanatöku varðandi umhverfismál í stjórnámum.

1. – 30. september

Plastlaus september

Landvernd tók virkan þátt í árvekníatakinu Plastlaus september sem haldið var annað árið í röð. Landvernd var meðal annars með kynningu á plastlausnum á opunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 1. september og sá um snappið í einn dag (*plastlaussept* á Snapchat).

7. – 8. september

Landvernd á Lýsu, rokkhátíð samtímans (Fundur fólksins)

Landvernd hélt vel heppnaða málstofu sem bar yfirskriftina *Aðgerðir í loftslagsmálum: Tækifæri sveitarfélaganna*. Á málstofunni hélt Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, varaformaður Landverndar, erindi um loftslagsverkefni Landverndar, Klappir – grænar lausnir hf. kynntu lausnir í kolefnisbókhalði fyrir sveitarfélög, Akureyrarbær kynnti loftslagsstefnu sína og Ólafía Erla Svansdóttir kynnti meistaraverkefni sitt í opinberri stjórnsýslu um loftslagsmál sveitarfélaga. Í lok málstofunnar sköpuðust lífligar umræður um ábyrgð sveitarfélaga í loftslagsmálum.

13. september

Kynningarkvöld Landverndar og Ferðaklúbbsins 4x4 í Listasafni Reykjavíkur

Landvernd og Ferðaklúbburinn 4x4 efndu til kynningarkvölds vegna sýningarinnar *Einskismannsland – Ríkir þar fegurðin ein?* sem fram fór í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi og Kjarvalsstöðum í september. Á sýningunni var sjónum beint að



Frá sýningunni *Einskismannsland*

verkum listamanna sem endurspeglar tengsl Íslendinga við víðerni landsins og breytilegt verðmætamat gagnvart náttúrunni. Páll Ásgeir Ásgeirsson, stjórnarmaður í Landvernd, sýndi ljósmyndir og talaði um upplifun fólks af náttúru og útivist á okkar tímum og stöðu náttúruverndar.

15. september

Alheimshreinsununardagurinn

Þann 15. september sameinuðust Jarðarbúar í stærsta hreinsunarátaki hefur átt sér stað á reikistjórnunni okkar á World Cleanup Day eða Alheimshreinsunardeginum. Landvernd, Blái herinn, JCI, Plastlaus september, plokkarar og almenningur sameinuðu krafta sína og voru 29 hreinsanir víða um land skráðar til leiks. Fjölskyldur, vinir, skólar, áhugamannahópar og fyrirtæki tíndu heilu fjöllin af rusli. Flest sveitarfélög studdu vel við bakið á íbúum sínum með því að bjóða upp á móttökustöðvar fyrir rusl sem safnaðist. Alheimshreinsunardagurinn heppnaðist vel og var hreinsað í 158 löndum samtímis og voru þátttakendur um 17 milljónir.

22. september

Gróðursetning við Úlfjótsvatn

Landvernd, Skógræktarfélag Íslands og Sendiráð Bandaríkjanna stóðu fyrir sameiginlegri gróðursetningu við Úlfjótsvatn á fallegum haustdegi. Boðið var upp á rútuferð úr Reykjavík sem 60 manns nýttu sér. Sett voru niður um 1500 tré og þannig stuðlað að endurheimt skóga og kolefnisbindingu.



Gróðursetning við Úlfjótsvatn. Bríet Felixdóttir, Petra María Rögnvaldsdóttir, Elías Henrik Haraldsson og Bryndís Petra Bragadóttir lögðu sitt að mörkum fyrir náttúruvernd.

9. mars

Látum verkin tala!

Umhverfisaðgerðir til sjós og lands í Norræna húsinu

Norræna húsið bauð til sín góðum gestum sem hafa fundið ólíkar leiðir til að koma mikilvægum umhverfisboðskap á framfæri og hreyfa við samferðafólki sínu. Meðal gesta sem kynntu verkefni sín voru Rannveig Magnúsdóttir frá Landvernd og Tómas Knúttsson frá Bláa hernum en þau voru fulltrúar verkefnisins Hreinsum Ísland, sem tilnefnt var til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2018.

18. – 22. mars

Grænir dagar í Háskóla Íslands

Landvernd hélt tvær vinnustofur á Grænum dögum í Háskóla Íslands. Annars vegar var það vinnustofa um þátttöku almennings í ákvarðanatöku og þýðingu Árósasáttmálans og hins vegar vinnustofa um verkefnið Skóla á grænni grein innan Háskólans, en Háskóli Íslands hóf nýverið þátttöku í verkefninu og vinnur nú að sínum fyrsta grænfána.

14. apríl

Vinnustofa á Barnamenningarhátíð

Landvernd hélt vinnustofu í Gerðubergi á Barnamenningarhátíð í tengslum við Dýradaginn þar sem börn bjuggu til grímur. Dýradagurinn fer fram 22. maí kl. 14 en þá ganga börn í dýrabúningum í skráðgöngu frá Laugarnesskóla í Grasagarðinn þar sem fram fer dagskrá til að vekja athygli á mikilvægi þess að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika með sérstakri áherslu á málefni hafsins. Viðburðurinn er innblásinn af Roots and Shoots verkefni Jane Goodall. Dýradagurinn er hluti af afmælisdagskrá Landverndar og eru allir velkomnir.

Stiklur úr starfi Landverndar

TEDx fyrirlestur Rannveigar

Rannveig Magnúsdóttir, doktor í líffræði og sérfræðingur hjá Landvernd, hélt TEDx Reykjavík fyrirlestur í Tjarnarbíói þann 4. nóvember 2018. Fyrirlesturinn var á ensku og bar heitið "Are all plastics created evil?". Í fyrirlestrinum talar Rannveig um ólíkar tegundir plasts, óhóflega neyslu okkar á einnota plasti, verkefnið Hreinsum Ísland og hvað einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld þurfa að gera til að leysa plastvandann. Hægt er að horfa á fyrirlesturinn á vefsíðunni tedxreykjavik.is.



Rannveig Magnúsdóttir á TEDx Mynd: Patrik Ontkovic

Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2018

Hreinsum Ísland, verkefni Landverndar og Bláa hersins, var meðal tíu verkefna sem tilnefnd voru til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2018. Umhverfisverðlaunin eru veitt norrænu fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem hefur, öðrum til eftirbreytni, samþætt umhverfissjónarmið starfsemi sinni, framtaki eða á annan hátt lyft grettistaki í þágu umhverfisins. Þema fyrir umhverfisverðlaunin árið 2018 var vernd lífríkisins í hafinu og var vinningshafinn Náttúruauðlindaráðið í Attu á Grænlandi.

Varðliðar umhverfisins

Varðliðar umhverfisins er verkefnasamkeppni grunnskólanna í 5. – 10. bekk sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur standa að. Verðlaunin voru veitt í Hannesarholti þann 30. apríl. Fjöldi spennandi verkefna barst í samkeppnina og hlutu tveir skólar verðlaun að þessu sinni, báðir með fullt hús stiga, Ártúnsskóli í Reykjavík og Valhúsaskóli á Seltjarnarnesi. Bæði verkefni sneru að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Ártúnsskóli hélt viðburð innan skólans þar sem nemendur kynntu markmiðin með ólíkum hætti og voru verkefni unnin um hvað einstaklingar geta gert til að vinna að markmiðunum. Þetta var einnig kynnt foreldrum og nærsamfélagi skólans. Í Valhúsaskóla unnu nemendur í 9. og 10. bekk nýsköpunarverkefni í umhverfismálum sem kynnt voru á básum á opnu húsi fyrir gesti og gangandi. Við óskum skólunum innilega til hamingju með árangurinn.

Viðburðir afmælisárs

Í tilefni hálftrar aldar afmælis býður Landvernd til veglegrar afmælis dagskrár og er öllum frjálst að mæta. Dagskráin miðar að því að fræða og bjóða fólki í samtal um umhverfismál í víðu samhengi. Í janúar var sjónum beint að vistspori okkar þegar kemur að matarvenjum og var rætt við grænkeri á Trúnó í Stúdentakjallaranum. Í febrúar var umfjöllunarefnið plast og buðu Rannveig Magnúsdóttir og Björn Steinar Blumenstein til samtals um framtíð plasts. Í mars var áhersla lögð á neyslu og áhrif mannsins á umhverfið og ræddu Rósbjörg Jónsdóttir, formaður Landverndar, og Snorri Baldursson, stjórnarmaður, um neyslusamfélagið og ný viðmið í því samhengi. Í apríl var tískusóun tekin fyrir og tóku fjölmargir þátt í fataskiptimarkaði á Norræna fataskiptideginum. Í hverjum mánuði var sýnd kvikmynd í Bíó Paradís sem tengdist málefni mánaðarinnar. Fram undan eru fjölmargir viðburðir og má sjá dagskrá afmælisársins á baksíðu.



Efri mynd: Frá fataskiptimarkaði á Norræna fataskiptideginum
 Neðri mynd: Veganúar í janúar

VIÐBURÐADAGATAL 2019

JANÚAR

10. JAN.
Trúnó í Stúdentakjallarnum
Afhverju varð ég vegan?

kl. 20:00

17. JAN.
Cowspiracy
*Sýning í Bíó Paradís og umræður
eftir mynd*

kl. 20:00

FEBRÚAR

2. FEB.
Heimur úr plasti
*Fræðsla um plast
og örplast í hafi*

kl. 20:00

20. FEB.
A Plastic Ocean
Sýning í Bíó Paradís

kl. 20:00

MARS

4. MARS
Anthropocene:
The Human Epoch.
*Sýning í Bíó Paradís í samstarfi
við Stockfish Film Festival*

kl. 20:00

7. MARS
Neylusamfélagið og ný viðmið
Félagslegar framfarir

kl. 17:00

APRÍL

6. APRÍL
Norræni fataskiptadagurinn
Samstarf við ungmennahús landsins

kl. 14:00

10. APRÍL
The True Cost
Sýning í Bíó Paradís

kl. 20:00

30. APRÍL
Aðalfundur Landverndar

MAÍ

4. MAÍ
Norræni strandhreinsunar-
dagurinn ásamt Bláa hernum

kl. 11:00

22. MAÍ
Dýradagurinn
*Skrúðganga til stuðnings
lífbreytileika
Laugarnesskóla*

kl. 14:00

JÚNÍ

12. JÚNÍ
Fræðsluferð í Friðland í Flóa með
Fuglavernd og Votlendissjóði

SUMARFRÍ
*Gangið, njótið og upplifið í
náttúrunni*

ÁGÚST

24. ÁGÚST
Perlur Reykjaness
*Gönguferð með Ellerti Grétarssyni
um Reykjaness*

*Lifandi viðburðadagatal með
ítarlegum upplýsingum er að finna
á vef Landverndar og á Facebook
síðu samtakanna:
landvernd.is
facebook.com/landvernd*

SEPTEMBER

11. SEPT.
This Changes Everything
Sýning í Bíó Paradís

kl. 20:00

Vísindavaka 2019: Umhverfismál
Rannís í samstarfi við Landvernd

Dagsetning tilkynnt síðar

Ljósmyndasýning í Norræna
húsinu 26. sept. – 10. nóv

OKTÓBER

10. OKT.
Draumalandið
*Sýning í Bíó Paradís og umræður
eftir mynd*

kl. 20:00

25. OKT.
Afmælisráðstefna Landverndar

NÓVEMBER

6. NÓV.
Hvellur
Sýning í Bíó Paradís

kl. 20:00

20. NÓV.
Umhverfismál og siðfræði
*Viðburður í samstarfi við
Siðfræðistofnun Háskóla Íslands*

DESEMBER

4. DES.
UseLess
Sýning í Bíó Paradís

kl. 20:00

7. DES.
Jólagjafavinnustofa
GPS (DIY)

24. DES.
Gleðileg jó!



LANDVERND

1969 | 50
2019 | ÁRA